



Fréttabréf framkvæmda við húsnæði löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu



# HVVH FRÉTTIR

DESEMBER 2022 - 1. TÖLUBLAÐ



## FORVAL ARKITEKTA HAFIÐ

Auglýsing á forvali arkitekta, vegna hönnunar á húsnæði löggæslu- og viðbragðsaðila var birt í dag, 30. nóvember á utbodsvefur.is og á EES svæðinu. Mun hún birtast í dagblöðum í kjölfarið.

Þar er óskað eftir umsóknum frá teymum arkitekta sem vilja taka þátt í lokuðu samkeppnisútboði verkefnisins. Teymin senda inn þátttökubeiðnir og upplýsingar um hæfi. Fimm teymi verða valin úr forvalinu til að taka þátt í samkeppnisútboði verkefnisins.

### Forsendur verkefnisins eru eftirfarandi:

- Viðbragðs- og þjónustustig löggæslu og viðbragðsaðila við almenning verði eftl
- Húsnæðis- og aðstöðumál aðilanna leyst með hagkvæmum hætti
- Byggt verði yfir verkefni, ekki aðila
- Samvinna, samþætting, samlegð og þekkingarmiðlun milli aðila eflist
- Verkefnamiðað vinnuumhverfi verði tekið upp
- Aðstaða verði í sveigjanlegu húsnæði

### ÞEIR SEM VERKEFNIÐ TEKUR TIL:

Landhelgisgæslan  
Lögreglan á höfuðborgarsv.  
Neyðarlínan - 112  
Ríkislögreglustjóri  
Skatturinn - Tollgæsla  
Landsbjörg  
Slökkvilið höfuðborgarsv.

# ÚTBOÐSFERLIÐ FRAMUNDAN

Að loknu forvali taka fimm arkitektateymi þátt í lokuðu samkeppnisútboði í þremur þrepum. Í þrepi 1 skila arkitektateymin inn hönnunartillögum og velur matsnefnd tvær tillögur til að halda áfram í þrep 2. Í lokin á þrepi 2 er ein tillaga valin af matsnefnd. Í þrepi 3 er forhönnun vinningstillögunnar lokið. Í þrepum 2 og 3 er notendasamráð.

Forval verktaka og verkfræðingateymis (VV teymi) hefst að loknu forvali arkitekta. Þrjú teymi verða valin m.v. hæfi til að taka þátt í lokuðu samkeppnisútboði. Í þrepi 2 eru teymin látin meta arkitektatillögunnar tvær m.t.t. kostnaðar og framkvæmda. Að loknu þrepi 3 er eitt VV teymi valið út frá verðtilboði í vinningstillögu arkitekta.

Að þessu loknu tekur við gerð aðaluppdráttar og undirbúningur framkvæmdar og að lokum verkhönnun og framkvæmd.

Áætlað er að verkinu ljúki í árslok 2027 og að innflutningur aðila geti hafist þá.

## AÐFERÐAFRÆÐI HÖNNUNARVINNU

Í stóru verkefni eins og HVH, þar sem markmið eru skýr og mælanleg, þ.e. tími, gæði og kostnaður, er æskilegt að lykilaðilar starfi á sama stað. Er það til að stytta boðleiðir og stuðla að meiri helgun við verkefnið. Einnig skapast með þessu fyrirkomulagi góð yfirsýn verkkaupa á öllum tímum verkefnisins. Ákveðið hefur verið að verkkaupi leggi til húsnæði fyrir þau sem að hönnunarvinnu og notendasamráði koma. Á það við um arkitekta, verkfræðinga, verktaka, ráðgjafa, notendur, verkefnisstjórn og fleiri.

# 7

## AÐILAR

# 850

## STARFSMENN


# 26,1 ÞÚS.

## FERMETRAR

# 30 ÞÚS.

## FERMETRA LÓÐ

## FERLIÐ





# STAÐARVAL OG SAMGÖNGUMANNVIRKI



Frá undirskrift samkomulags um staðsetningu HVH.

Frá vinstri;  
Guðrún Ingvarsdóttir forstjóri FSRE  
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri  
Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra  
og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytis

Samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar um staðarval hússins var undirritað í sumar. Mun húsið rísa við Kleppsgarða 2 á um það bil 30.000 m<sup>2</sup> lóð.

Unnið er að deiliskipulagi lóðar að því marki sem mögulegt er áður en hönnunartillaga er tilbúin. Endanlegt deiliskipulag mun taka tillit til útlits, byggingarlína, fyrirkomulags og skuggavarps.

Unnið er að forsögn með samgönguyfirvöldum til að samræma tímasetningu á framkvæmdum HVH húsnæðis og fyrirhugaðra samgöngumannvirkja í tengslum við Sæbraut, til að tryggja m.a. forgangsakstur frá lóðinni.



## HVAÐ ER HVH?

Höfuðstöðvar löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, HVH, verður miðstöð þeirra aðila sem gæta að lögum, reglu, björgun og öryggi almennings. Í miðstöðinni munu þessir aðilar fá nútímalega aðstöðu sem auðveldar til muna hina mikilvægu þjónustu og vernd sem veita þarf almenningi.

## HÚSNÆÐIÐ?

Húsnæðið mun taka tillit til ólíkra verkefna aðila sem í því munu starfa og breytileika í starfsemi þeirra. Niðurstæða þarfagreiningar gaf til kynna að þörf væri fyrir rúmlega 26.000 m<sup>2</sup>. Er miðað við verkefnamiðað vinnuumhverfi sem skapar sveigjanleika til komandi framtíðar. Í húsnæðinu verður sameiginleg björgunarmiðstöð, kennslusetur, matstofa, æfingasvæði og fleira.

## HVAÐ MEÐ NAFNIÐ?

HVH, eða húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu er ekki sérlega þjálft. Enda er það vinnuheiti. Þegar líður að lokum framkvæmda verður haldin nafnasamkeppni um bygginguna. Óákveðið er hvert form hennar verður, en húsið mun fá nafn sem verður þjálft og falletgt, enda verður þessa mikla bygging sameign þjóðarinnar.

### STÝRIHÓPUR VERKEFNISINS:

Jón Gunnar Vilhelmsson  
Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Ragna Bjarnadóttir  
Dómsmálaráðuneyti

Guðrún Ingvarsdóttir  
Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir

### NÁNARI TÆKNILEGAR- OG VERKFRAMKVÆMDA- UPPLÝSINGAR VEITIR:



#### HANNES FRÍMANN SIGURÐSSON

Verkefnastjóri - 821 8338  
hannes.frimann.sigurdsson@fsre.is



#### AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR  
BORGARTÚNI 26 · FSRE.IS

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Allar upplýsingar um hönnunarferlið og framkvæmdina verða birtar á vefsíðu FSRE, og síðar á sérstakri heimasíðu tileinkaða verkefninu.

Einnig verður upplýsingum reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum.